

## Kennsluáætlun fyrir hugtakið „Hungursneyð“

### Útfærsla 1

Hugtak: *Hungursneyð*.

Námsgreinar: *Myndmennt og tónmennt*

Kennsluáðferðir: *Sjónsköpun, frásögn- sagnalist, hugarflug.*

Lykilhæfni: *Taka tillit til annarra.*

Kennslustund: Tvær 40 mínútna kennslustundir þar sem kennarar í tónmennt og myndmennt vinna saman í teymiskennslu með hugtakið *hungursneyð*.

<b>Markmið</b> Markmið er að nemendur læri um orsakir og afleiðingar hungursneyðar.  Markmið er að nemendur æfi sig að tjá sig á sjónrænan hátt.  Markmið er að nemendur æfi sig í að semja ljóð og í framsögn.	<b>Kennslugögn</b> Chopin: Nocturne op. 9 No.2. <a href="https://www.youtube.com/watch?v=9E6b3swbnWg">https://www.youtube.com/watch?v=9E6b3swbnWg</a> („Chopin: Nocturne op. 9 No.2. „ 2013).  <i>The Pianist Movie Official Trailer</i> <a href="https://www.youtube.com/watch?v=e_4NvY3v51Q">https://www.youtube.com/watch?v=e_4NvY3v51Q</a> („The Pianist Movie Official Trailer,“ 2002).  Það sem þarf er A4 blöð og stærri blöð, blýanta og málningu, skjávarpa, hátalara og tölvu svo það sé hægt að sýna þeim kvikmyndabrot (e. trailer) úr myndinni <i>The Pianist</i> sem tengist hungursneyð og tónskáldinu Chopin. Kennari þarf að hafa fundið sögu sem hentar til að lesa upp í aðferðinni hugarflug með leiðsögn.		
<b>Meginhugsun</b> Meginhugsun er að örva nemendur á marga vegu. Reyna að nota sem fjölbreyttastar aðferðir í tveim 40 mínútna kennslustundum. Aðferðirnar tengja myndmennt og tónmennt saman við hugtakið <i>hungursneyð</i> . Hungursneyð hefur hrjáð marga í heiminum en kynnt verður fyrir nemendum tónskáldið Władysław Szpilman sem var pólskur gyðingur. Władysław lenti í klónum á hermönnum Hitlers í seinni heimstyrjöldinni. Mikilvægt er að ungt fólk þekki fortíðina svo það geti skilið af hverju sumir hlutir eru eins og þeir eru og líka til þess að vinna gegn því að það endurtaki sömu mistökin. Í skólanum eiga nemendur að læra um það sem er að gerast í heiminum og í þessari kennsluáætlun er unnið út frá þeirri hugmynd.			
<b>Tími</b>	1. Kennslustund		
	<b>Það sem kennarar gera</b>	<b>Það sem nemendur gera</b>	
40 mín	<b>Kveikja:</b> Sýnt er kvikmyndabrot (e. trailer) úr myndinni <i>The Pianist</i> sem er byggð á sönnum	Nemendur horfa á	

	<p>atburðum úr lífi tónskáldsins Wladyslaw Szpilman. Hann var gyðingur og lifði á tímum seinni heimstyrjaldarinnar og spilaði meðal annars verk eftir tónskáldið Chopin.</p> <p><b>Hugarflug með leiðsögn</b> Kennari segir sögu úr lífi Wladyslaw sem bjó við sorglegar aðstæður á stríðsárunum og átti ekki alltaf nóg af mat og vatni. Hægt er að finna brot úr sögu hans á <i>Wikipedia</i> eða í bókum. Sagan þarf að vera ljóðræn svo hægt sé að sjá fyrir sér það sem er að gerast. T.d. þegar góðhjartaður hermaður úr kvikmyndinni <i>The Pianist</i> gaf Wladyslaw brauðið sitt og vatn og leyfði honum að spila lag á píanó.</p> <p><b>Sjónsköpun</b> Kennari spilar Chopin-Nocturne op.9 no.2 (Chopin, 1832).</p>	<p>Nemendur hafa augun lokuð og sjá fyrir sér söguna og reyna að lifa sig inn í það sem er að gerast.</p> <p>Nemendur lita og mála það sem þeir heyra á stórt blað. Túlka nóturnar og tilfinningarnar sem kvikna með litum og formum.</p>
	2. kennslustund	
40 Mín	<p><b>Skapandi skrif</b> Kennari dreifir blöðum til nemenda og gefur þeim fyrirmæli um að semja ljóð við myndina sína</p> <p><b>Frásögn/Sagnalist</b> Kennari býður einum nemanda í einu að koma upp á töflu og lesa ljóðið sitt upp fyrir framan bekkinn</p>	<p>Nemendur búa til ljóð við myndina sína.</p> <p>Nemendur æfa sig í því að koma fram og lesa ljóðið sitt upp fyrir framan bekkinn.</p>